

# STARFSMENNTUNARSJÓÐUR EMBÆTTISMANNA

## STARFSREGLUR

1. Umsóknnum skal skila til Starfsmenntunarsjóðs embættismanna, fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, sími 5459226.
2. Stjórn sjóðsins heldur fundi mánaðarlega frá september til júní ár hvert, þar sem fjallað er um umsóknir, sem berast í næst liðnum mánuði.
3. Umsækjendur eru hvattir til að vanda frágang umsókna og tilgreina m.a. nákvæmlega til hvers þeir ætla að verja styrkfé. Sá sem skilar inn ófullkomnum upplýsingum eða röngum, ber áhættuna af því að umfjöllun seinki eða að umsókn verði hafnað.
4. Kostnaður umsækjanda við nám, námskeið, námsstefnur, ráðstefnur eða sambærilega þekkingaröflun, sem tengja má starfi hans og flokka má undir starfs- eða endurmenntun, er styrkhæf. Kostnaður vegna náms í hinu almenna skólakerfi, t.d. öldungadeildum, fellur hér undir svo og tölvunámskeið, þó svo að umsækjandi vinni ekki að staðaldri við tölvur. Endurhæfingarmenntun, í kjölfar þess að staða viðkomandi umsækjandi er lögð niður, er einnig styrkhæf. Tómstundanámskeið eru hins vegar ekki styrkhæf. Hægt er að sækja um styrk vegna tölvukaupa á þriggja ára fresti. Greiddur er helmingur kostnaðar, en aldrei meira en **130.000 kr.**
5. Sjóðstjórn setur reglur um hámarksfjárhæðir. Þær eru nú sem hér segir:

1) Námskeið, ráðstefnur eða annað nám innanlands:

- a) Námskeið innanlands sem ekki skerða tekjur .....**115.000 kr.**
- b) Námskeið eða nám sem er ½ mán. eða lengra en þó ekki lengra en eitt skólaár með launaskerðingu ..... **172.000 kr.**
- c) Nám sem telst jafngilda skólavist í eitt skólaár og sinnt er launalaust eða því fylgi veruleg launaskerðing ..... **210.000 kr.**

2) Námskeið, ráðstefnur eða annað nám erlendis:

Dagar	Með launum	Án launa
1 – 15	95.000	105.000 kr.
16 – 30	105.000	125.000 kr.
31 - 60	125.000	172.000 kr.
61 og lengra	144.000	210.000 kr.

6. Greiðslur úr sjóðnum fara að jafnaði fram eftir að umsækjandi hefur gert grein fyrir kostnaði t.d. með því að leggja fram frumrit reikninga, vottorði um launalaust starfsleyfi frá stofnun o.s.frv.
7. Þeir sem fengið geta styrk úr sjóðnum eru sjóðsfélagar, fagfélög þeirra og stofnanir vegna ráðstefna sem þau standa fyrir og uppfylla ákvæði 4. gr.
8. Umsækjandi, sem hlotið hefur styrk úr sjóðnum á næstliðnum tveimur árum, getur að hámarki hlotið styrk er nemur ónotuðu hlutfalli af hámarksfjárhæð, sbr. 5. tölulið.
9. Ef styrksloforðs er ekki vitjað innan 9 mánaða frá dagsetningu tilkynningar sjóðsins til umsækjanda fellur styrkloforðið niður.
10. Í undantekningartilvikum getur sjóðstjórn vikið frá þeim viðmiðunum sem koma fram í grein 5.2 og 8, enda liggi til þess mjög brýnar eða sérstakar ástæður.

Gildir frá 1. janúar 2010.